

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratu ehf Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.12.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Kratu ehf	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Thorlacius	Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik voru skráð við eftirlit, annars vegar vegna losunar í loft og hinsvegar vegna geymslu á olúgeymum. Gert hefur verið átak í að hreinsa lóð fyrirtækisins og var mikill munur á umgengni á lóð miðað við fyrri eftirlit.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

Staða frávíka og úrbótaáætlunar.

Umfang starfseminnar.

Varnir gegn mengun umhverfis.

Skráningar.

Önnur mál.

Töluvert af frávikum hefur verið skráð á fyrirtækið undanfarin 3 ár og eru um 4 frávik opin frá fyrra ári (2015) en áætlun um úrbætur vegna þeirra hefur verið lögð fram og hún samþykkt.

Varðandi þau frávik sem komu fram í fyrra eftirliti þessa árs þá kom það fram við eftirlit að búið er að þetta húsið að Vogatungu þar sem hluti saltköku er geymdur, húsnæðið hefur verið merkt sérstaklega og bóndinn á bænum fengið í hendur öryggisblöð um efnið. Áætlað er að saltkakan sem geymd er í Vogatungi verði flutt út á næsta ári ásamt þeirri saltköku sem geymd er í gámum á lóðinni, en umsókn um útflutning liggur nú fyrir hjá Umhverfisstofnun. Hjólðar umsóknin um útflutning upp á um 5000 tonnum af saltköku.

Ein útblástursmæling hefur verið gerð á árinu, ekki var búið að senda niðurstöður þegar eftirlit fór fram en niðurstöður voru sendar í pósti þann 13. desember s.l.

Frávik er varðar umgengni á lóð er í farvegi, þó er ljóst að senda þarf inn nýja úrbótaáætlun þar sem samþykkt áætlun gerir ráð fyrir fresti til 31. desember til að setja allt hráefni inn í hús, klára frágang lóðar og malbika og færa allt hráefni og úrgang inn á lóð fyrirtækisins. Lítilsháttar seinkun hefur orðið á að viðbygging verði tekin í notkun en byggingaframkvæmdir eru í fullum gangi. Áætlað er að húsið verði tilbúið um mánaðarmót janúar-febrúar. Allar lagnir eru komnar í lóðinna en eftir er að malbika og verður það gert eftir að húsið verður tekið í notkun.

Frávik varðandi vinnslu algjalls með saltlausum ferli er einnig í farvegi. Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þar sem sótt er um leyfi til að vinna algjall bæði með saltferli og saltlausum ferli. Umhverfisstofnun hefur gefið samþykkt að skolon á gjallsandi fari fram í Helguvík en slíkt samþykki rennur út um áramótin og þá þarf rekstraraðili að finna aðrar leiðir.

Rætt var um umfang starfseminnar. Fyrirtækið framleiðir um 500 tonn af áli úr gjalli á mánuði eða í kringum 5000-6000 tonn af ári. Við framleiðsluna fellur til um 1500 tonn af gjallsandi og 2000 tonn af saltköku á ári. Mikilvægt er að halda vel utan um framleiðsluferil og myndun úrgangs og koma úrgangi til réttar meðhöndlunar sem fyrst.

Farið var yfir rekstur mengunarvarnarbúnaðar. Skipt var um alla síupoka í reykahreinsivirki í september. Pokar eru yfirfarnir á um 2ja vikna fresti. Ein kvörtun hefur borist vegna reyks - þá var skýringin sú að nemi í skotkerfi reykahreinsivirkis datt út. Brugðist var við því og lagað.

Mælingar voru gerðar í maí og niðurstöður bærust 13. desember. Mælingar sýna að losun HF og Cl2 er yfir mörkum starfsleyfis.

Farið var yfir fyrirkomulag skráninga, ágætlega er haldið utan um skráningar. Þær eru flestar gerðar handvirkir á skrifstofum og upplýsingar geymdar í möppu sem var aðgengileg eftirlitsaðila til skoðunar við eftirlit.

Gengið var um húsakynni og lóð verksmiðjunnar. Mikið átak hefur verið gert í að hreinsa lóðina og er búið að fjarlægja langmest af álflokum sem geymd voru utandyra, einungis lítill haugur eftir sem unnið var við að koma inn í hús þegar eftirlit fór fram. Lóðin er enn ómalbikuð en allar lagnir eru komnar niður fyrir framan húsið. Unnið var í viðbyggingu sem er komin þó nokkuð á veg.

Fyrir utan voru tveir olútankar sem geymdir voru á ómalbikuðu plani. Stærri tankurinn var í opnum hálfgámi sem

þjónar þeim tilgangi að vera árekstrarvörn en getur ekki talist vera þró til að taka við olíu ef tankurinn fer að leka. Minni tankurinn var óvarin á ómalbikuðu plani og ekki í lekaheldri þró.

Frávik frá

grein 2.5 í starfsleyfi um hámarkslosun í útblæstri

Lýsing á fráviki

Magn HF og Cl2 í útblæstri er yfir mörkum í mælingu sem gerð var 18. maí s.l.

grein 2.3 í starfsleyfi og reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfssemi í landi.

Olíugeymar eru geymdir að hluta til með engri árekstrarvörn og að öllu leyti með ófullnægjandi lekavörn. Hætta er á að ef olíugeymar leki muni olían leka út á lóð fyrirtækisins.

ATHUGASEMDIR

Senda þarf inn nýja áætlun til úrbóta vegna frávika sem skráð voru við eftirlit í nóvember 2015 þar sem ljóst er að ekki verður staðið við fyrri úrbótafrest.

ANNAÐ

Óskað var eftir að afrit af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar verði sent til Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.01.2017



Sigríður Kristjánsdóttir